


Tónlistarsaga F3

Tónlistarsaga F3 er þriðji áfangi af fjórum í tónlistarsögu til framhaldsprófs. Til þess að mega taka hann verða nemendur áður að hafa lokið **samræmdu miðprófi í tónfræðigreinum** og verða að hafa lokið annaðhvort grunnskólaprófi eða fullgildu miðprófi á hljóðfæri eða í söng. Í tónlistarsögu F3 er saga vestrænnar tónlistar á nítjándu öld rakin og fjallað um tónlist rómantíska tímabilsins.

Námsefni:

Saga Tónlistarinnar eftir Árna Heimi Ingólfsson

Bókin fæst í Vaski.



Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónlistarsögu F3.

Tónskáld, stílar, stefnur og verk

Nemandi

- þekki grundvallaratriði í þróun vestrænnar tónlistar á 19. öld.
- hafi kynnst helstu stílum, stefnum og straumum í vestrænni tónlist á rómantíska tímanum.
- sé kunnugur flestum gerðum vestrænnar tónlistar frá 19. öld og fær um að setja þær, ásamt einstökum tónverkum, í sögulegt samhengi.
- þekki helstu tónskáld og tónverk evrópskrar tónlistarsögu á rómantíska tímanum.
- þekki höfundareinkenni og stíl helstu tónskálda á tímabilinu.

Hlustun

Nemandi

- hafi kynnst tónlistarsögunni á rómantíska tímanum af eigin raun gegnum hlustun á valin tónverk, bæði innan og utan kennslustunda.
- hafi öðlast þjálfun og skilning í að tengja saman hlustun og aðra þætti námsins.
- hafi þjálfast í að beita eigin þekkingu við mat og greiningu á óþekktu hlustunarefni frá rómantíska tímanum.

Þekking, heimildir, framsetning, mat

Nemandi

- hafi hlotið þjálfun í öflun heimilda um afmarkaða þætti námsins.
- hafi öðlast þjálfun í beitingu þekkingar og í framsetningu eigin hugmynda, bæði munnlega og skriflega.

Mannkynssaga og hugmyndafræði

Nemandi

- sé kunnugur þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki hinum mismunandi tónlistarstefnum.
- geti tengt meginstrauma tónlistarsögunnar við meginatriði mannkynssögunnar.
- þekki tengingarnar milli ólíkra listgreina á rómantíska tímanum.
- hafi öðlast þjálfun í að draga ályktanir byggðar á þekkingu og leggja eigið mat á tónlist.

Íslensk tónlist

Nemandi

- hafi kynnst meginatriðum íslenskrar tónlistarsögu á 19. öld.
- sé fær um að tengja helstu atriði íslenskrar tónlistarsögu við stefnur og strauma í vestrænni tónlist.